

### 3. fundur í skólanefnd framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð, miðvikudaginn 6. janúar 2010 kl. 16.30

Mættir: Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir formaður, Bergþór Morthens, Helgi Jóhannsson, Hildur Ösp Gylfadóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

1. Húsnæðismál  
Formaður kynnti drög að þarfagreiningu sem unnin var af VERKÍS í september 2009 fyrir menntamálaráðuneytið. Nú er beðið eftir niðurstöðum frumathugunar sem felur í sér að kanna alla kosti sem eru í boði fyrir húsnæði undir skólann.
2. Fjárlög 2010  
Á fjárlögum 2010 er framlag til framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð, kr. 62,6 milljónir til rekstrar og kr. 33 milljónir í stofnframlag. Samtals kr. 95,6 milljónir
3. Staða fjarkennslu  
Síðastliðið haust stunduðu samtals 35 nemendur fjarnám. Litlar breytingar virðast ætla að verða nú um áramót en endanlegur fjöldi liggur ekki fyrir í dag.  
  
Jóna Vilhelmína formaður vikur af fundi og inn kemur varamaður hennar Kristján Hauksson.
4. Umsóknir um stöðu skólameistara  
Farið var yfir umsóknir og ákveðið að boða fjóra umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur í viðtöl. Hildur Ösp tók að sér að boða viðtölin á Ólafsfirði n.k. mánudag og Jónína tók að sér að hringja í meðmælendur.

Fundi slitið kl. 17.50

Jónína Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur í skólanefnd framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð,  
miðvikudaginn 11. janúar 2010 kl. 11.30

Mættir: Hildur Ösp Gylfadóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir varamaður, Kristján Hauksson  
varamaður og Jónína Magnúsdóttir.

Dagskrá fundarins eru viðtöl við umsækjendur sem uppfylltu hæfniskröfur skv.  
auglýsingu um stöðu skólameistara við framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.  
Auglýsingin birtist í desember 2009.

Eftirtaldir komu til til viðtals: Jón Eggert Bragason, Lára Stefánsdóttir, Jóna Vilhelmina  
Héðinsdóttir og Pétur Ingi Guðmundsson.

Eftirfarandi var bókað:

Skólanefnd framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð leggur til að Jón Eggert Bragason  
verði ráðinn í stöðu skólameistara þar sem hann uppfyllir hæfniskröfur og skorar hæst af  
umsækjendum á matslista skólanefndarinnar.

Fundi slitið kl. 15.30

Jónína Magnúsdóttir ritaði fundargerð.